

Velferðarráðuneytið, Samráðsgátt

Reykjavík 16. desember 2018

Efni: Umsögn Sálfræðingafélags Íslands um Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 .

Stjórn Sálfræðingafélags Íslands fagnar stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030. Þó að ekki sé fjallað um einstakar greinar heilbrigðisþjónustunnar eða veitendur hennar telur stjórn mikilvægt að koma eftirfarandi á framfæri sem hafa þarf til hliðsjónar þegar unnar verða sérstakar aðgerðaáætlanir með markmiðum og mælikvörðum.

1. Brýnt er að hefja strax vinnu við þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna sálfræðiþjónustu. Greiðslur vegna sálfræðiþjónustu eiga að falla undir þak á hámarksgreiðslur sjúklinga eins og er með þjónustu annarra heilbrigðisstétta. Frekari rök fyrir því má m.a. sjá á blaðsíðu 15 þar sem fram kemur að góð heilbrigðisþjónusta sé ein af mættarstöðum samfélagsins og að allir menn séu jafnir og eigi sama rétt til verndar lífs og viðhalds heilbrigðis, á blaðsíðu 16 þar sem fram kemur að heilbrigðisþjónusta skuli vera markviss, árangursrík og eins hagkvæm og nokkur kostur er og að í lögum um heilbrigðisþjónustu standi að allir landsmenn eigi jafnan rétt á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni. Sálfræðiþjónusta er hagkvæm og á að vera fyrsta val við ákveðnum vanda samkvæm klínískum leiðbeiningum landlæknis.
2. *Rétt þjónusta á réttum stað.* Á blaðsíðu 19 kemur fram að öllum landsmönnum skal tryggður nauðsynlegur aðgangur að annars stigs heilbrigðisþjónustu og þar hafi Sjúkratryggingar Íslands haft veigamiklu hlutverki að gegna sem kaupandi þjónustunnar fyrir hönd ríkisins. Í lögum um sjúkratryggingar segir að við samningsgerð skuli tryggja aðgengi sjúkratryggðra að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð efnahag. Enn fremur skuli leitast við að tryggja þjónustu við sjúkratryggða hvar á landinu sem þeir búa og að veitendur þjónustunnar gæti þess að sjúkratryggðir njóti jafnræðis. Í samningum skal einnig kveðið á um magn, tegund og gæði þjónustunnar, hvar hún skuli veitt og af hverjum. Hér viljum við áréttta mikilvægi þess að sálfræðiþjónusta falli undir nauðsynlegan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Undir kafla um *Skilvirk þjónustukaup* eru enn frekari rök fyrir því þar sem fram kemur að kaup á heilbrigðisþjónustu eigi að byggja á þarfagreiningu og miðast við þarfir íbúanna í landinu, ennfremur að greiðslupátttaka sjúklinga eigi að jafnast á við það sem er lægst í nágrannalöndunum og viðkvæmir hópar fá gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu.
3. Í kafla um *Gæði í fyrirrúmi* kemur fram að gæði heilbrigðisþjónustu séu skilgreind út frá því að hve miklu leyti heilbrigðisþjónusta eykur líkur á bættri heilsu og auknum lífsgæðum og að hve miklu leyti þjónustan er veitt í samræmi við bestu þekkingu sem völ er á. Hér bendum við aftur á klínískar leiðbeiningar landlæknis.
4. Í kaflanum *Hugsad til framtíðar* er tiltekið að framhaldsmenntun heilbrigðisstétta skuli uppfylla ströngustu alþjóðlegar kröfur. Stjórn fagnar þessum mikilvæga punkti og áréttar að unnið sé fljótt og vel að því að framhaldsnám sálfræðinga á Íslandi uppfyllir ströngustu alþjóðlegu kröfur og samanburð við hin Norðurlöndin.

Með bestu kveðjum



Hrund Þrándardóttir, formaður